

Reykjavík  
26. nóvember 2004

v/131. löggjafarþing  
v/Þskj. 13 – 13. mál

## **Umsögn um frumvarp til laga um fórnarlamba- og vitnavernd**

### **UMSÖGN lögmannna á vegum Neyðarmóttöku LSH**

Undirritaðir lögmennt, Helga Leifsdóttir, hdl., Þórdís Bjarnadóttir, hdl., Steinunn Guðbjartsdóttir, hdl., Hulda Elsa Björgvinsdóttir, hdl. og Ása Ólafsdóttir, hdl., lýsum yfir f.h. Neyðarmóttöku LSH stuðningi við frumvarpið en leggjum jafnframt áherslu á eftirfarandi atriði í umsögn okkar:

Almenn umfjöllun:

Löngu tímabært er að endurskoða kynferðisbrotakafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og breyta þeim til styrktar brotapolum kynferðisofbeldis. Sama má segja um brotþola heimilisofbeldis en sú tegund ofbeldis er hvergi skilgreint í hegningarlögum. Brotþolar heimilisofbeldis þurfa oftast að þola andlegt, líkamlegt og kynferðislegt ofbeldi. Núgildandi ákvæði almennra hegningarlaga eru því alls ófullnægjandi að þessu leyti. Löggjafinn beiti sér fyrir því strax að sett verði lagaákvæði sem taki á kynbundnu ofbeldi, þ.m.t. heimilisofbeldi með heildstæðum hætti svo að þessir brotþolar hljóti fullnægjandi réttarvernd. Í því sambandi þarf einnig að breyta lögum 19/1991 um opinber mál, sem og að samræma önnur viðeigandi lög, til styrktar stöðu þessara brotþola, þ.m.t. barna. Refsiréttarnefnd hefji nú þegar vinnu um samningu frumvarpa til laga um framangreint og dómsmálaráðherra leggi fram lagafrumvörp ekki seinna en á næsta löggjafarþingi.

Í tengslum við lagasetningu um fórnarlamba- og vitnavernd þarf að breyta 206. gr. almennra hegningarlaga í þá veru, að sá sem stundar vændi sér til framfærslu verði refsilaus af þeim verknaði. Konur sem stunda vændi á Íslandi eru enn sekar skv. íslenskum lögum en vændi er refslaust skv. lögum á hinum Norðurlöndunum.

Ekki er heldur hægt að einblína á t.d. á vændismiðlarana í glæpakeðjunni en láta vera kaupendur kynlífsþjónustu, en kaupendur skapa eftirspurnina á markaðinum. Glæpamenn og bisnessmenn reikna út ágóða og áhættu sem fylgir markaðinum o.s.frv. Setja verður í lög bann við kaupum á kynlífsþjónustu svo ábyrgðin verði sett þar sem hún á heima, þ.e. hjá kaupendum. Leiðir þetta til þess að eftirspurn eftir vændi minnkar sbr. reynsluna í Svíþjóð, en verslun með konur til kynlífsþjónustu hefur minnkað þar verulega sökum þess að landið þykir ekki lengur eftirsóknarverður markaður.

Tillögum nefndar um klám og vændi verði fylgt eftir um að einkadans á nektardansstöðum verði bannaður með lögum, en ekki aðeins í lögreglusamþykktum

heildbrigðisþjónustu og útlendingaeftirliti jafnframt sem aðild frjálsra félagasamtaka að samstarfinu verði tryggð. Auk eftirlits- og samhæfingarhlutverks gæti nefndin unnið að forvarnar- og rannsóknarstarfi.

6. mgr. 5. gr. breytist þannig:

Ráðherra setur reglugerð um nánara starfssvið og starfshætti nefndarinnar innan 6 mánaða frá gildistöku laganna.

Við bætist ný lagagrein:


8. gr.

Bæklingur með upplýsingum um réttarstöðu þess fólks sem kemur til Íslands í þeim tilgangi að sýna nektardans á næturklúbbum skal afhentur með dvalar- og atvinnuleyfi við komu til landsins.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

F.h. ofangreindra lögmanna,



Helga Leifsdóttir, hdl.